

Fundargerð

Árið 2026, föstudaginn 30. janúar kl. 10:00 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til rafræns fundar á Teams.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Friðjón Einarsson, Dan Jens Brynjarsson, Hrund Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Elmari Björnssyni og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir

12. desember, 20. og 22. janúar

Lagðar voru fram til samþykktar fundargerðir frá 12. desember 2025, 20. og 22. janúar 2026.

Fundargerðir frá 12. desember 2025, 20. og 22. janúar 2026 voru samþykktar án athugasemda.

2. Áætlaðir fundir á árinu 2026

Farið var yfir áætlaða fundi á árinu 2026, finna þarf nýjar dagsetningar fyrir fundi í mars og maí.

3. Sameining sveitarfélaga

Erindi frá Borgarbyggð/Skorradalshreppi

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Borgarbyggð og Skorradalshreppi, dags. 5. desember 2025, þar sem óskað er eftir auknu framlagi vegna kostnaðar við undirbúning tillögu að sameiningu sveitarfélaganna. Fram kemur að við uppgjör kostnaðar vegna starfa samstarfsnefndar, kynningu á tillögu um sameiningu og undirbúning og framkvæmd íbúakosninga hafi heildarkostnaður numið 40,1 m.kr.

Á fundi ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs þann 7. nóvember 2024 samþykkti nefndin að leggja til við ráðherra að veita framlag að fjárhæð 25,7 m.kr. vegna sameiningarviðræðnanna og kom sú fjárhæð til greiðslu á árunum 2024 og 2025. Samkvæmt vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 1-liðar 1. gr. reglna nr. 782/2020 sýna uppfærðir útreikningar að undirbúningsframlag Jöfnunarsjóðs geti numið allt að 27,7 m.kr.

Lagt var til á fundinum að greitt verði framlag úr Jöfnunarsjóði m.v. útreikninga vinnureglna sjóðsins að frádregnu því framlagi sem þegar hefur verið greitt. Felur það í sér að nú verði greitt framlag að fjárhæð 2 m.kr.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja tillögu að framlagi vegna sameiningar til Borgarbyggðar og Skorradalshrepps að fjárhæð 2 m.kr.

Erindi frá Dalabyggð/Húnaþingi vestra

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn um framlag vegna undirbúningsvinnu við sameiningarviðræður og framkvæmd atkvæðagreiðslu Dalabyggðar og Húnaþings vestra.

Í umsókninni kemur fram að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hafi nú þegar greitt sveitarfélögunum framlög að fjárhæð 21,9 m.kr. vegna sameiningarviðræðna. Heildarkostnaður sveitarfélaganna vegna verkefnisins nemur hins vegar 29,9 m.kr. og er því óskað eftir viðbótarframlagi að fjárhæð 8 m.kr., sem nemur mismun heildarkostnaðar og áður greiddra framlaga.

Samkvæmt vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 1-liðar 1. gr. reglna nr. 782/2020 eiga sveitarfélögin rétt á framlögum vegna undirbúningsvinnu við sameiningartillögu að hámarki 21,9 m.kr., en það er sú fjárhæð sem þegar hefur komið til greiðslu.

Að umfjöllun lokinni var samþykkt að leggja til við ráðherra að umsókn sveitarfélaganna um viðbótarframlag vegna sameiningarframlaga yrði hafnað þar sem sveitarfélögin hafa þegar fengið greitt hámarksframlag samkvæmt vinnureglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

4. Bráðabirgðauppgjör yfirfærsluverkefna 2025

Grunnskóli

Lagt var fram til kynningar bráðabirgðauppgjör fyrir árið 2025 vegna yfirfærslu grunnskólans.

Fatlað fólk

Lagt var fram til kynningar bráðabirgðauppgjör fyrir árið 2025 vegna yfirfærslu málefna fatlaðs fólks.

Nefndin gerði engar athugasemdir.

5. Flóttamenn á Bifröst

Beiðni um sérstakt framlag – Borgarbyggð

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Borgarbyggð, dags. 23. des. 2025, þar sem sótt er um sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að koma til móts við óvenjulega stöðu sveitarfélagsins vegna flóttamanna sem búsettir eru á Bifröst. Fram kemur að áætlaður kostnaður á ársgrunnvelli sé um 164-194 m.kr. og að þar af séu 110-140 m.kr. vegna fjárhagsaðstoðar. Þá kemur fram að sveitarfélagið hafi ráðstafað 110 m.kr. í endurbætur á skólahúsnæði til að stuðla að inngildingum barna á flóttu. Í erindi sveitarfélagsins kemur fram að helstu kostnaðarliðir vegna þjónustu við flóttafólk séu m.a. fjárhagsaðstoð, húsaleiga, skólaakstur o.fl.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að fresta afgreiðslu erindisins. Starfsmönnum sjóðsins var falið að afla nánari upplýsinga um málið og með hvaða hætti, að teknu tilliti til reglna sjóðsins, hann gæti komið að stuðningi við sveitarfélagið.

6. Framlög vegna eflingar tónlistarfræðslu

Hækkun framlaga 2026

Alþingi samþykkti 18. desember 2025 fjáráaukalog IV fyrir árið 2025 þar sem m.a. er kveðið á um 290 m.kr. hækkun á framlagi ríkisins til eflingar tónlistarfræðslu. Framlagið er greitt til mennta- og barnamálaráðuneytisins. Samkvæmt tillögu mennta- og barnamálaráðuneytisins er lagt til að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga úthluti 139 m.kr. viðbótarframlagi í samræmi við 1. gr. samkomulags ríkis og sveitarfélaga um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms.

Framlaginu er ætlað að renna til greiðslu kennslukostnaðar nemenda í framhaldsnámi í hljóðfæraleik og söng ásamt miðnámi í söng. Greiðslur Jöfnunarsjóðs munu berast sveitarfélögum í febrúar í formi eingreiðslu. Hlutfallsleg skipting framlagsins byggist á útreikningum 1. gr. fyrrnefnds samkomulags ríkis og sveitarfélaga fyrir skólaárið 2025-2026. Eftirstöðvarnar af 290 m.kr. hækkun ríkisframlagsins þ.e. 151 m.kr., verður ráðstafað af mennta- og barnamálaráðuneytinu í sértæk verkefni vegna tónlistarfræðslu.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að samþykkja tillöguna. Jafnframt óskaði nefndin eftir að starfsmenn Jöfnunarsjóðs kalli eftir upplýsingum um ráðstöfun eftirstöðva framlagsins þ.e. 151 m.kr.

YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLA

7. Barna- og fjölskyldustofa

Börn vistuð utan lögheimilissveitarfélags

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 29. desember 2025, þar sem óskað er eftir greiðslu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á grundvelli 7. gr. rgl. nr. 351/2002 vegna vorannar 2025. Greiðir sjóðurinn Barna- og fjölskyldustofu framlag vegna almennrar kennslu og sérkennslu þeirra barna sem vistuð eru utan lögheimilissveitarfélags af Barna- og fjölskyldustofu og stunda þar grunnskólanám.

Jöfnunarsjóður dregur fjárhæð sem nemur kennslukostnaði vegna nemenda skv. 1. mgr. frá jöfnunarframlögum viðkomandi lögheimilissveitarfélags.

Óskar Barna- og fjölskyldustofa eftir greiðslu samtals að fjárhæð 1.085.877 kr. vegna nemanda sem dvaldist á meðferðarheimili Barna- og fjölskyldustofu á vormisseri 2025, en er með lögheimili í Hafnarfirði.

Að umfjöllun lokinni ákvað ráðgjafarnefnd að samþykkja umsókn Barna- og fjölskyldustofu um framlag að fjárhæð 1.085.877 kr. vegna vorannar 2025.

8. Framlög vegna ÍSAT

Umræða – gagnavinnsla

Á fundi nefndarinnar þann 22. ágúst sl. fór fram umræða um gagnasöfnun við útreikning framlaga sjóðsins vegna nemendur sem þurfa móðurmálskennslu. Fyrir þeim fundi lá samanburður á tölfræði sjóðsins og Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu við tölfræði Hagstofunnar þar sem misræmis gætti. Nefndin ákvað á þeim fundi að kanna hvort rétt væri að skipta um grundvöll framlaganna og nota frekar tölur Hagstofunnar við útreikninginn. Meðal forsendna þeirrar skoðunar var að tölum Hagstofunnar væri safnað niður á kennitölur og því líklegt að þær kynnu að vera áreiðanlegri. Við yfirferð gagna með Hagstofunni komu í ljós annmarkar á tölfræðinni og taldi stofnunin því ekki unnt að afhenda sjóðnum hana í núverandi formi. Nefndin fjallaði um málið og ákvað að halda áfram sömu gagnasöfnun og verið hefur í samstarfi við Miðstöð menntunar og skólaþjónustu um sinn.

YFIRFÆRSLA MÁLAFLOKKS FATLAÐS FÓLKIS

9. Notendastýrð persónuleg aðstoð

Langtímaveikindi 2025

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 21. janúar 2026, varðandi framlög vegna langtímaveikinda aðstoðarfólks á árinu 2025.

Þann 1. desember sl. var þjónustusvæðunum sendur tölvupóstur þar sem óskað var eftir umsóknum vegna langtímaveikinda aðstoðarfólks sem varað hafa í 30 daga eða lengur á árinu 2025. Átta þjónustusvæði hafa sótt um framlög og skilað gögnum.

Tvær umsóknir voru vegna veikinda sem stóðu skemur en 30 daga, samtals að fjárhæð 1.198.454 kr., og uppfylla þar með ekki skilyrði um langtímaveikindi:

- Garðabær, árið 2025, 28 dagar að fjárhæð 397.636 kr.
- Reykjavík, árið 2024, 29 dagar að fjárhæð 800.818 kr.

Umsóknir vegna langtímaveikinda 30 daga eða lengur bárust frá eftirfarandi:

- Reykjavíkurborg: 14.597.143 kr.
- Akureyri: 1.772.420 kr.
- Hafnarfjarðarbær: 840.324 kr.
- Kópavogsbær: 2.607.302 kr.
- Reykjanesbær: 1.941.050 kr.
- Garðabær: 966.898 kr.
- Bergrisinn bs.: 3.491.469 kr.
- Suðurnesjabær: 276.486 kr.

Alls er því sótt um framlög vegna langtímaveikinda sem varað hafa í 30 daga eða lengur að fjárhæð 26.493.092 kr.

Skv. 20. gr. reglugerðar um notendastýrða persónulega þjónustu er gert ráð fyrir að þjónustusvæði reikni 1% til viðbótar ofan á heildarsamningsfjárhæðina sem lagt er inn í Jöfnunarsjóð til að standa straum af kostnaði vegna langtímaveikinda. Líkt og frá árinu 2019 hefur aðeins ríkishlutinn verið fjármagnaður og lagður inn í Jöfnunarsjóð. Kostnaðarþáttaka Jöfnunarsjóðs er sú sama og í NPA samningunum sjálfum eða 25%.

Alls er því hluti Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna langtímaveikinda aðstoðarfólks NPA árið 2025 að fjárhæð 6.623.273 kr.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja framlag til Reykjavíkurborgar að fjárhæð 3.649.286 kr., til Hafnarfjarðarbæjar að fjárhæð 210.081 kr., til Kópavogsbæjar að fjárhæð 651.826 kr., til Reykjanesbæjar að fjárhæð 485.263 kr., til Akureyrar að fjárhæð 443.105 kr., til Suðunesjabæjar að fjárhæð 69.122 kr., Garðabæjar að fjárhæð 241.725 kr. og til Bergrisans bs. að fjárhæð 872.867 kr.

10. Fasteignasjóður

Stofnframlög

Félagsbústaðir

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs lagði fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað, dags. 20. janúar 2026, vegna umsóknar Félagsbústaða hf. um Stofnframlag. Sótt er um vegna kaupa á íbúð á Sólvallagötu 79, 107 Reykjavík. Um er að ræða starfsmannaaðstöðu fyrir íbúðakjarna að Sólvallagötu 79. Stofnverð þessarar íbúðar nam 109.371.500 kr.

Sótt er um framlagið á grundvelli a. liðar 2. greinar í reglugerð 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Sótt er um 22% Stofnframlag án hlutdeildar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Sé miðað við 22% Stofnframlag er framlag Fasteignasjóðs að fjárhæð 24.061.730 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja 22% Stofnframlag til Félagsbústaða að fjárhæð 24.061.730 kr.

Úrbætur í aðgengismálum

Snæfellsbær

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Snæfellsbæjar, dags. 18. desember 2025, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum.

Sótt er um vegna framkvæmda við sundlaugina á Ólafsvík. Settur var upp steiptur rampur að dyrum sundlaugarinnar ásamt sjálfvirkum rafmagnsdyrum með skynjurum. Sótt er um framlagið á grundvelli a. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs.

Heildarkostnaður vegna framkvæmdanna er áætlaður 4.083.711 kr.

Framlög vegna úrbóta í aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna nr. 280/2021. Snæfellsbær hefur ekki sótt um framlag áður á tímabilinu 2025-2026. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar er miðað við að heildarframlög til Snæfellsness geti numið 8.434.381 kr. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs vegna þessara framkvæmda nema 2.041.856 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja framlag að fjárhæð 2.041.856 kr. vegna framkvæmdanna.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 11:34.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Friðjón Einarsson

Dan Jens Brynjarsson

Hrund Pétursdóttir

Theódóra S. Þorsteinsdóttir

Hörður Hilmarsson